

VIKUBLAÐIÐ

21. TÖLUBLAÐ / 7. ÁRGANGUR / FIMMTUDAGUR 28. MAÍ 2026



Verkið „Sókn“ er til heiðurs sjómönnum og sjósókn frá Grenivík fyrr og síðar, en táknar einnig sókn staðarins til framtíðar. Það var sett upp í fyrrasumar, en sveitarstjórn þótti fara vel á því að setja upp eins konar myndaramma á bryggjunni við Útgerðarsafnið, enda útsýni óvída fegurra til fjarðarmynnis og mikið myndað þar. Mynd Þröstur Friðfinnsson.



Akureyrarvöllur

Arkitektastofan ALARK arkitektar hlýtur fyrstu verðlaun í samkeppni um skipulag Akureyrarvallar og nágrennis. Tilkynnt var um úrslitin í Hofi á þriðjudag. Mikill áhugi er meðal bæjarbúa á tillögnum enda hafa allir skoðanir á því hvað á að gera við Akureyrarvöll, eitt af helstu kennileitum bæjarins. Svæðið á að vera suðupottur atvinnulífs og miðlægur samkomustaður bæjarbúa segir í tillögunni.

Sjá bls 8 og 9.



VIKUBLADID.IS

ÞÚ FINNUR OKKUR Á NETINU!



Sjúkrahúsið á Akureyri

Guðjón Hauksson skipaður forstjóri

mth@vikubladid.is

Guðjón Hauksson hefur verið skipaður í embætti forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri frá 1. júní næstkomandi til fimm ára. Embættið var auglýst laust til umsóknar í lok febrúar síðastliðinn.

Ákvörðun heilbrigðisráðherra, Ölmú D. Möller um ráðningu Guðjóns er í samræmi við álit ráðgefandi hæfnisnefndar sem mat Guðjón hæfastan umskjenda til að gegna embættinu.

Guðjón hefur víðtæka menntun og starfsreynslu á sviði heilbrigðismála og heilbrigðisþjónustu. Hann lauk B.S. prófi í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands (HÍ) árið 2006, meistaragráðu frá Boston University School of Public Health á sviði rannsókna tengdum heilbrigðisþjónustu árið 2012 og meistaragráðu í heilsuhagfræði frá HÍ árið 2015.

Guðjón er forstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands og hefur gegnt því embætti frá árinu 2017

en áður var hann deildarstjóri sjúkradeildar við sömu stofnun í fjögur ár. Hann hefur m.a. starfað sem sérfræðingur hjá Lyfjagreiðslunefnd, sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu og sem verkefnastjóri og hjúkrunarfræðingur á Landspítala.

Sem forstjóri HSA í nærri áratug hefur hann einnig mikla þekkingu og reynslu af áætlanagerð og fjármálum hins opinbera og á sviði mannauðsmála og stjórnsýslu.



Mynd á vef Stjórnarráðsins. Guðjón Hauksson hefur verið skipaður í embætti forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri frá 1. júní næstkomandi til fimm ára.

Tvö útboðsverk Vegagerðar í Norðurþingi

mth@vikubladid.is

Tvö útboðsverk sem snerta Norðurþing verða boðin út á árinu, vegbætur á Norðausturvegi og hafnargerð á Húsavík.

Annað verkið snýst um vegabætur á Norðausturvegi (85) í Þingeyjarveit, um Skjálfandafljót í Kinn. Verkið felst í ný- og endurbyggingu Norðausturvegar á um 10 km kafla. Framkvæmdin er í umhverfismati en fyrirhugað er að byggja allt að þrjár nýjar brýr, yfir

Rangá og Skjálfandafljót. Fyrirhugað er að bjóða verkið út í lok árs 2026 og eru verklok áætluð 2028.

Hitt verkið er hafnagerð á Húsavík, stálþilsframkvæmd. Það snýst um 300 metra endurbyggingu og lengingu á Þvergarði og verður verkið boðið út í sumar að því er fram kemur á vef Norðurþings. Þetta verk kemur í framhaldi af vinnu sem er í gangi í Húsa-



víkurhöfn við gröft á skurði fyrir væntanlegt stálþil, alls um 183 m ásamt fordýpkun 5 m fyrir framan væntanlegt þil. Verkin eru á hendi

hafnasviðs Vegagerðarinnar með kostnaðarþátttöku Hafnasjóðs Norðurþings.

Ný aðkoma að Hömrum eykur öryggi

mth@vikubladid.is

Unnið er að nýrri aðkomu að Hömrum þar sem gert er ráð fyrir einstefnukerfi um svæðið, með innakstri til suðurs og útakstri til norðausturs.

Breytingin er hluti af heildaruppbyggingu á svæðinu og miðar að því að bæta umferðarlæði og auka öryggi, þar sem núverandi aðkoma hefur ekki ráðið við mikla umferð á annatímum.

Framkvæmdirnar eru jafnframt lokahnykkur í uppbyggingu aðkomu að Hömrum og munu

bæta aðgengi bæði gesta og viðbragðsaðila.

Kostnaður er áætlaður um 30 milljónir króna.



Mynd á vef Akureyrarbæjar. Unnið er að nýrri aðkomu að Hömrum þar sem gert er ráð fyrir einstefnukerfi um svæðið



Við sækjum bætur fyrir þig

*Engin þóknun nema
bætur fáist greiddar!*

**Tryggingaréttur sérhæfir sig
í að aðstoða einstaklinga
við að sækja bætur eftir slys.**

*„Við viljum að viðskiptavinir
okkar einbeiti sér að því að ná
bata á meðan við sjáum um
þeirra mál.“*

*Dagný S. Jónasdóttir
lögfræðingur*

Hafðu samband:

*Það kostar ekkert að
kanna málið!*



TRYGGINGARÉTTUR

419 1300

Hofsbót 4, 2.hæð, Akureyri
tryggingarettur@tryggingarettur.is

Ársfundur Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

Uppbygging og aukin þjónusta þrátt fyrir krefjandi rekstur

mth@vikubladid.is

HSN hefur búið við langvarandi rekstrarhalla sem að stórum hluta má rekja til ófjármagnaðra kjara- og stofnanasamninga og nú einnig aukins leigukostnaðar vegna nýr aðstöðu í Sunnuhlíð,“ segir Jón Helgi Björnsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands á ársfundi stofnunarinnar. „Þrátt fyrir það hefur tekist að halda áfram uppbyggingu þjónustunnar með skýrri framtíðarsýn að leiðarljósi. Með skipulagsbreytingum, öflugri teymisvinnu og aukinni notkun stafræna lausna höfum við styrkt grunn þjónustunnar og skapað betri forsendur til framtíðar. Árið 2025 var krefjandi, en jafnframt mjög lærdómsríkt og árangursríkt á mörgum sviðum.“

Á fundinum voru kynntar niðurstöður rekstrarársins 2025. Ljóst er að heilbrigðisþjónusta á Norðurlandi stendur á mikilvægum tímamótum þar sem uppbygging, aukin þjónusta og skipulagsbreytingar hafa verið í forgrunni, þrátt fyrir krefjandi rekstrarumhverfi. HSN þjónustarúmlega 38 þúsund íbúa frá Blönduósi til Þórshafnar og rekur 17 starfsstöðvar með alls 502 stöðugildi.



Jón Helgi Björnsson forstjóri HSN flytur erindi sitt á ársfundinum.

200 hjúkrunar- og sjúkrarými

Rekstrarhalli liðins árs nam 303 milljónum króna, sem skýrist að mestu af nýjum kjara- og stofnanasamningum auk aukins leigukostnaðar vegna nýrrar aðstöðu í Sunnuhlíð, en sá kostnaður hefur ekki enn verið að fullu fjármagnaður. Uppbygging þjónustu hélt áfram, meðal annars með yfirtöku hjúkrunarheimilisins Sæborgar á Skagaströnd. HSN rekur nú yfir 200 hjúkrunar- og sjúkrarými á Norðurlandi og er undirbúningur nýs hjúkrunarheimilis í Norðurþingi hafinn þar sem 60 rými verða í boði.

Skipulagsbreytingar hafa skilað árangri

Sameining heilsugæslu á Dalvík og í Fjallabyggð hefur eflt mönnun og aukið stöðugleika, auk þess sem ákveðið var að fresta byggingu annarrar heilsugæslustöðvar á Akureyri þar sem nýtt verklag og teymisvinna hafa reynst vel. • Eftirspurn eftir þjónustu heldur áfram að aukast, sérstaklega innan heilsugæslu og sálfélagslegrar þjónustu. Ný verkefni á borð við geðheilsuteymi barna og Akureyrarklíníkina hafa mætt mikilli þörf en vel hefur gengið að manna stöður. •



Fram kom að þátttaka í þróunarverkefnum, tilnefningar til nýsköpunarverðlauna og styrkir á sviði fjarheilbrigðisþjónustu og gervigreindar undirstrika framsækni HSN. Einnig var greint frá því að gjafir og styrkir námu um 40 milljónum króna á árinu og hafa skipt miklu máli fyrir starfseminna.



Grímseyingar óska eftir liðlegheitum frá Akureyrarbæ í skólamálu

mth@vikubladid.is

Íbúar í Grímsey óska eftir liðlegheitum frá Akureyrarbæ þegar grunnskólanemar úr eyinni þurfa að stunda skóla í landi.

Einn af þeim þremur grunnskólunemum sem búa í Grímsey allt árið þurfti að flytja lögheimili sitt í annað sveitarfélag þar sem Akureyrarbær neitaði að greiða skólagjald fyrir nemandann í það sveitarfélag. Benda íbúar á að fyrir fáum árum hafi nemendur úr Grímsey farið í Hrafnagilsskóla og Akureyrarbær greitt skólagjaldið. „Ekki þarf að hafa áhyggjur af fordæmi því næsta barn er bara 3 mánaða. Þessa ákvörðun þarf að skoða,“ segir í fundargerð íbúafundar Grímseyjar.

Málið var rætt í fræðslu- og lýðheilsuráði þar sem Ásrún Ýr Gestsdóttir V-lista segir í bókun að Akureyrarbær hafi í samráði við íbúa ákveðið að ekki yrði starfræktur grunnskóli í Grímsey skólaárið 2019-2020, og hafa börn í Grímsey þurft að sækja skóla á meginlandinu síðan þá.

Viljum að sé byggð í Grímsey


Þegar sú ákvörðun var tekin var barnafólki gert að halda tvö heimili þar sem annað foreldrið stundi vinnu sína í Grímsey en hitt foreldrið fer í land með börnin. Nema börnin búi hjá öðrum ættingjum eða vinafólki. „Það er ekki sveitarfélagsins að ákveða



hvar íbúar eyjarinnar haldi sitt annað heimili. Það verður hver fjölskylda að fá að ákveða sjálf út frá sínum aðstæðum. Við viljum að byggð sé í Grímsey og á meðan ekki er skólastarf þar, þarf

Akureyrarbær að sýna liðlegheit gagnvart börnunum sem þar búa og fara, í örfáum tilfellum, í skóla utan Akureyrarbæjar,“ segir Ásrún Ýr.

SNERTILAUS VIÐSKIPTI



KEA appið



Margrét Þóra
Þórsdóttir,
blaðamaður.

Nýtt í hjarta Akureyrar

Niðurstaða hugmyndasamkeppinnar um framtíðarskipulag Akureyrarvallar markar mikilvæg tímamót í bæjarsögunni. Greinilega er mikill áhugi fyrir þessu svæði í hjarta bæjarins en það mátt sjá á góðri mætingu þegar vinningstillagan var kynnt í vikunni. Alls kyns tilfinningar bærast meðal bæjarbúa. Sumum þykir að kominn hafi verið tími til að nýta svæðið betur en aðrir vilja

áfram hafa íþróttavöllinn þar og vilja ekki sjá neitt annað.

Vinningstillaga ALARK arkitekta sýnir svo um munar að hægt er að brúa bilið á milli ríkrar sögu svæðisins og nútímalegra krafna um líflegt og sjálfbært miðbæjarumhverfi. Með því að endurvekja þetta sögufræga svæði er stigið stórt skref í átt að því að búa til nýjan og eftirsóknarverðan suðupott fyrir bæjarbúa.

Tengir saman bæjarhluta

Einn helsti styrkur tillögunnar felst í því hversu vel henni tekst að tengja saman ólíka hluta bæjarins. Svæðið á milli Ráðhústorgs og Glerártorgs verður loksins að samfelldri heild þar sem græn útivistarsvæði, þjónusta og íbúðabyggð spila saman. Það sýnir mikla næmni fyrir staðarandanum að láta gömlu áhorfendastúkuna og brekkurnar halda sér, auk þess sem hlaupabrautin breytist í virkan hluta af stígakerfi bæjarins. Það er skemmtilegt. Hugmyndir um skautasvæði á veturna sýna sömuleiðis að hönnuðir tóku tillit til norðlenskra veðurskilyrða og

lögðu áherslu á að svæðið verði lifandi á öllum árstímum.

Hóflegir húsaklasar

Þá er áætluð íbúðabyggð - á bilinu 65 til 70 íbúðir í hóflegum húsaklösum og einbýlishúsum sem hentar svæðinu vel. Hún tryggir nauðsynlega þéttingu byggðar án þess að fórna hinu græna hjarta í bæjarins. Skipulagið lágmarkar einnig neikvæð áhrif Glerárgötu, sem lengi hefur reynst ákveðinn dragbítur á flæði bæjarins.

Akureyrarbær og Arkitektafélag Íslands eiga hrós skilið fyrir framkvæmdina. Vonandi verður þessi vinningtillaga ekki bara aðlaðandi á pappír, heldur líka raunhæf og sannfærandi framtíðarsýn.

Nú er það bæjarbúa og kjörinna fulltrúa að fylgja þessari sýn eftir af sömu hugsjón og hún var teiknuð. Framtíðin á Akureyrarvelli er björt og hún er græn.

Sýning ársins 2026

Verið velkomin á opnun
laugardaginn 30. maí kl 13-17

Brák Jónsdóttir
sýnir nýjar lágmyndir
Listamannaspjall með Brák kl 14

Ókeypis aðgangur og öll velkomin
Opið fim-lau kl 10-17

flóra menningarhús í Sigurhæðum



flóra
menningarhús



Stjórnarráð Íslands



Kæra verðandi bæjarstjórn

Takk fyrir síðast. Þegar þið komuð í heimsókn til okkar í Aðalstræti 14 í apríl fyrir kosningar áttum við mjög gott samtal um það hvernig bærin gæti stutt betur við þolendur ofbeldis og þau samtök sem vinna með þeim. Eftir það samtal hefur þó eitt setið eftir hjá okkur sem við hefðum viljað ræða betur.

Á Akureyri virðist enn skorta það samstarf og samráð milli félagasamtaka og opinberra aðila sem hefur reynst mikilvægt annars staðar á landinu, meðal annars í Reykjavík. Þar starfa ólíkir aðilar saman að málaflokknum með það sameiginlega markmið að auka öryggi í samfélaginu og tryggja markviss viðbrögð gegn ofbeldi.

Samstarf skiptir máli vegna þess að þekkingin sem verður til innan félagasamtaka og hjá opinberum aðilum er ólík en jafn mikilvæg. Félagasamtök sem vinna daglega með þolendum búa yfir mikilli

reynslu og sérfræðipækkingu á aðstæðum þeirra og því hvernig ofbeldi birtist í lífi fólks. Opinberir aðilar hafa á sama tíma aðra mikilvæga yfirsýn, úrræði og fagþekkingu. Þessi þekking er ekki eins, og á ekki að vera það, en það á að vera hægt að nýta hana alla.

Í Reykjavík hefur verið byggður upp samráðsvettvangur þar sem sérfræðingar úr ólíkum áttum hittast reglulega, ræða þróun mála, greina breytingar í samfélaginu og skoða hvaða aðgerðir geti dregið úr ofbeldi og aukið öryggi. Markmiðið er að nýta styrkleika og stöðu hvers aðila fyrir sig til að bregðast betur við og vinna markvisst að forvörnum.

Á Akureyri hafa Kvennaathvarfið, Aflið og Bjarmahlíð kallað eftir sambærilegu samstarfi og boðið fram sína þekkingu og reynslu, en því hefur ekki verið tekið hingað til. Það vekur spurningar um hvernig við viljum

byggja upp samfélagið okkar til framtíðar.

Ef við erum öll sammála um að markmiðið sé að draga úr ofbeldi og skapa öruggara samfélag, af hverju nýtum við þá ekki alla þá sérfræðipækkingu sem er til staðar?

Félagasamtök á Akureyri virðast ekki njóta sama svigrúms til þátttöku og samstarfs í þessum málaflokki og sambærileg samtök á höfuðborgarsvæðinu, þrátt fyrir að þar sé til staðar mikil reynsla og þekking sem getur nýst samfélaginu öllu.

Þetta er því ekki bón um aðkomu heldur ábending til þeirra sem taka við ábyrgðinni eftir kosningar. Hafið áhrif. Nýtið þá sérfræðinga sem starfa í samfélaginu okkar, óháð því hvort þeir starfa innan opinberra kerfisins eða hjá félagasamtökum. Til að byggja öruggara samfélag þurfum við að



nýta alla þá þekkingu og reynslu sem er til staðar.

Kærleikskveðjur,

Erla Hrönn,
framkvæmdastýra Aflsins.



HREYFILL Á AKUREYRI

Bílstjórar BSO aka nú undir merkjum Hreyfils

Öflug og traust leigubílaþjónusta á Akureyri.

Núna geturðu hringt í símanúmer Hreyfils, en gamla símanúmer BSO verður áfram virkt. Við bjóðum upp á símsvörun allan sólarhringinn og þöntun í appi.

☎ 5 88 55 22

🌐 hreyfill.is

✉ hreyfill@hreyfill.is

Náðu í appið



Pantaðu bíl
allan sólarhringinn

Sími Hreyfill :
588 5522

Sími BSO :
461 1010



ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —



SPARISJÓÐUR
Þingeyinga

ALARK arkitektar hlutu fyrstu verðlaun í samkeppni um skipulag Akureyrarvallar

Skapar eftirsóknarvert miðbæjar- svæði og gott búsetuumhverfi

mth@vikubladid.is



Arkitektastofan ALARK arkitektar hlýtur fyrstu verðlaun í samkeppni um skipulag Akureyrarvallar og nágrennis. Alls bárust 16 tillögur í samkeppnina sem Akureyrarbær efndi til í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Ein tillaga reyndist ógild og fjallaði dómnefnd því um 15 gildar tillögur. Í öðru sæti var tillaga marimo arkitekta, Brúum hjarta Akureyrar og í þriðja sæti var tillaga Teikna - Teiknistofu Arkitekta, Vallartorg.

Tilgangur samkeppninnar var að kalla eftir spennandi landslagshönnun og arkitektúr fyrir svæðið, auk þess að fá fram raunhæfa tillögu að miðbæjarumhverfi sem væri eftirsóknarvert til búsetu og lifandi vettvangur fyrir fjölbreytta starfsemi í hjarta Akureyrarbæjar.

Við mat á tillögum lagði dómnefnd meðal annars áherslu á heildaryfirbragð, notagildi og vandaðan arkitektúr bygginga og útsvæða, með hliðsjón af staðaranda og veðurfarsskilyrðum.

Einnig var horft til þess að uppbygging miðsvæðisins styrkti núverandi innviði bæjarins og tengdi hverfahluta betur saman. Þá var lögð áhersla á aðgengis-, umferðar- og öryggismál, tengingar við stígakerfi Akureyrarbæjar, sögu Akureyrarvallar og kennileiti svæðisins, svo sem klappir og gróður.

Dómnefnd lagði jafnframt áherslu á umhverfissjónarmið og



Dómnefndin og höfundar sigurtillögunnar. Fríða Björg Eðvarðsdóttir, landslagsarkitekt FÍLA, Borghildur Sturludóttir, arkitekt FAÍ HMS, Halla Björk Reynisdóttir bæjarfulltrúi og formaður dómnefndar, Óli Geir Kristjánsson arkitekt, Kristján Ásgeirsson, Sindri S. Kristjánsson bæjarfulltrúi og Hlynur Jóhannsson bæjarfulltrúi. Mynd: MDP.



Fedgarnir Óli Geir og Kristján frá Arkitektastofunni ALARK arkitektar.

sjálfbærni við hönnun og efnisval, auk þess sem tillögur skyldu vinna með og draga úr áhrifum Glerár-götu.

Akureyrarvöllur heildstæð og sannfærandi tillaga

Vinningstillagan, Akureyrarvöllur, er að mati dómnefndar heildstæð og sannfærandi tillaga sem skapar eftirsóknarvert miðbæjarsvæði og gott búsetuumhverfi. Tillagan vinnur vel með staðaranda og sögu svæðisins, styrkir tengingar við nærliggjandi hverfi og endurvekur Akureyrarvöll sem lifandi samkomustað.

„Helsti styrkur tillögunnar felst í skýrri heildarsýn og raunhæfri nálgun á þróun svæðisins. Að mati dómnefndar myndast gott samspil milli miðbæjar og norðursvæða þannig að til verður skýr tengipunktur. Sterk landslagshönnun og sögulegar skírskotanir eru bæði aðlaðandi og raunhæfar í rekstri með eðlilegu viðhaldi,“ segir í dómnefndaráli.

Miðlægur samkomustaður bæjarbúa

Meginmarkmið tillögunnar er að skapa eftirsóknarvert, grænt og lifandi miðbæjarsvæði á Akureyri sem tengir saman suður- og norðurhluta bæjarins (frá Ráðhústorgi til Glerártorgs) með blandaðri byggð, verslun og þjónustu. Svæðið á að vera suðupottur atvinnulífs og miðlægur

samkomustaður bæjarbúa segir í samkeppnistillögu Alark.

Einnig kemur fram að lögð er áhersla á að endurverkja svæðið sem samkomustað. Áhorfendastúkan og brekkurnar fá að halda sér og fyrrum hlaupabraut verður endurvakin að hluta. Hún mun nýtast sem hluti af stofnstígakerfi Akureyrar og tengja miðbæinn og Glerártorg saman. Á veturna er jafnframt gert ráð fyrir mögulegu skautasvæði til að auka samveru og útivist.

Svæðið mun skiptast upp í almennt útivistarsvæði og hóflega íbúðabyggð í samræmi við aðalskipulag. Gert er ráð fyrir tveimur húsaklössum, Austurklasa og Vesturklasa, sem ramma inn þetta græna hjarta bæjarins.

65 til 70 íbúðir

Heildarfjöldi íbúða á skipulagssvæðinu er áætlaður allt að 65-70 talsins. Í Austur og Vesturklasa verða á bilinu 50 til 55 íbúðir. Fjöldi íbúða í tvíbýlis/fjórbylishúsum við Smáragötu og Hólabraut er 12 talsins og þá er gert ráð fyrir þremur einbýlishúsum við Brekkugötu. Mögulegt er að bæta við 3 einbýlishúsalóðum við Brekkugötu.



Fjölmarginir lögðu leið sína í Hof til að skoða þær tillögur sem bárust í samkeppni um skipulag Akureyrarvallar.



Hér er horft á nýja svæðið frá Glerárgötu.



Sviðið og stúkan til hægri en til vinstri má sjá boltavöll sem einnig getur verið matkaðstorg.



Útivistarsvæðið, tjörn að sumri, skautasvell á veturna.



Framleiða hluta raforkunnar með sólarsellum

mth@vikubladid.is

Sólarorka getur gegnt mikilvægu hlutverki í orkuskiptum á Íslandi. Sérstaklega á afskekktum svæðum og utan raforkukerfisins. Orkusetun Umhverfis- og orkustofnunar úthlutaði samkeppnisstyrkjum til uppsetningar sólarsella árið 2024. Þar var lögð áhersla á verkefni sem draga úr eigin raforkunotkun og minnka losun. Mikil aðsókn var að styrkjunum og vegna takmarkaðs fjármagns fengu verkefni í dreifbýli eða utan samveitna úthlutun.

Verkefni sem hafa hlotið styrki sýna verulegan árangur, m.a. með minni olíunotkun og þar með minni losun gróðurhúsalofttegunda, aukið orkuöryggi og sjálfbærni í afskekktum byggðum og hagkvæmari orkulaunir utan raforkukerfis.

Sjálfbærari rekstur

Dæmi um raunverulegan ávinning af verkefnum sem hlutu styrk á Íslandi má nefna sjálfbærari rekstur hjá býlinu Garði í



Mynd á vef Orkuseturs Umhverfis- og orkustofnunar.

Á Garði í Eyjafjarðarsveit er búið að setja upp sólarsellur með góðum árangri.

Eyjafjarðarsveit.

Á býlinu er umfangsmikil mjólkurframleiðsla með um 150 mjólkurkúr auk annarra gripa. Árleg raforkunotkun er um 340.000 kWh. Settur var upp 43,5 kW sólorkubúnaður á þökum útihúsa sem áætlað er að framleiði um 12.400 kWh á ári. Kerfið gerir búinu kleift að framleiða hluta raforku sinnar sjálft, draga úr rekstrarkostnaði og draga úr þörf fyrir dísilrafstöð.



ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —



SPARISJÓÐUR
Þingeyinga

Sauðburði að mestu lokið í Grobbholti

Vinsælasta sauðfjárbú landsins

egillpall@vikubladid.is

Það er óhætt að segja að félagsbúið Grobbholt á Húsavík hafi slegið algjörlega í gegn þetta vorið en sauðburði er að mestu lokið í þessu frægasta sauðfjárbúi undir sólinni.

Á síðasta ári mætti Grobbholt á samfélagsmiðla og það er eins og við manninn mælt vinsældir þess hafa farið með himinskautum, yfir þúsund fylgjendur og stanslausar heimsóknir enda finnst stórbóndanum, Aðalsteini Á. Baldursyni fátt skemmtilegra en taka á móti gestum. Grobbholt var meira að segja áberandi í kosninga-baráttunni því hver frambjóðandinn á fætur öðrum heimsótti búið í aðdraganda kosninga og fékk mynd af sér með stórbóndanum og forystufé hans.

Hefur undið upp á sig

„Já, þetta hefur aldrei verið svona vinsælt. Ég fór af stað með þetta jákvæða þema, sem marga langar til að upplifa en hafa ekki tækifæri til þess að en það er að koma í sauðburð. Ég setti upp þessa Facebooksíðu Grobbholts í fyrra og planið var að hafa bara eitthvað létt grín á þessari síðu. Sérstaklega í kringum sauðburð. Síðan hefur þetta undið upp á sig. Í fyrra fengum við 500 gesti, núna er komnir rúmlega 400 hundruð og langt frá því að vera búið,“ segir Aðalsteinn og bætir við að sumir komi oft og séu farnir að kannast við kindurnar á búinu.

„Það er allskonar fólk að mæta, 90 prósent mæta bara án þess að gera boð á undan sér en svo eru



Það er búið að vera gestkvæmt þetta vorið í Grobbholti.

stundum svona kallaklúbbar eða vinnustaðir sem vilja fá að mæta að kvöldlagi og hafa þá öl með sér og hafa gaman,“ segir Aðalsteinn enn fremur.

Frægasta fé landsins

Ein af stórstjörnum íslenska fjárstofnsins á lögheimili sitt að Grobbholti en það er hrúturinn Moli. „Það er verið að fjöldaframleiða boli með Mola mínum, sem seldir verða í minjagripabúðum og í fríhöfninni, með áletruninni „Moli from Grobbholt“. Ég er búinn að fá fyrsta bolinn og lýst svona vel á, en bolirnir hafa verið framleiddir í á annað þúsund eintökum í fyrstu útgáfu,“ útskýrir Aðalsteinn og bætir við að forystukindin hans hún Elding

sem nýtur mikilla vinsælda meðal gesta Grobbholts, prýðir baksíðu á bók Guðna Ágústssonar, „Á ferð og flugi“. Þá er bæði Mola og Eldingu að sjálfsögðu að finna í bókinni Íslenskt forystufé.

Aðspurður segir Aðalsteinn að sauðburði á stórbúi eins og Grobbholti ljúki í raun aldrei „Það er ein sem ég átta mig ekki alveg á, annað hvort hefur hún fengið eða ekki og ef hún á að bera þá er það eftir einhverjar tvær vikur,“ segir hann og bætir við að búið sé þekkt fyrir frjósemi enda flesta ær, tví- og þrílembdar. „Það er gríðarleg frjósemi í Grobbholti og þannig að þakið lyftist af húsinu,“ segir Aðalsteinn lokum og kímir.



Aðalsteinn ásamt Mola sínum.

Nemendur 5. bekkjar luku námi í Hvalaskólanum

egillpall@vikubladid.is

Einn stærsti atvinnuvegur Húsavíkur og Norðurþings er ferðapjónusta en hún hefur að miklu leyti byggst upp kringum hvalaskoðun á Skjálfaflóa enda er Húsavík stundum nefnd hvalahöfuðborg Íslands. Þegar atvinnuvegir fá sýrefni til að stækka og jafnvel blómstra hefur það oft en ekki jákvæð keðjuverkandi áhrif. Hvalaskoðun hefur þannig verði lyftistöng fyrir vísindi undirdjúpanna og fóstrar rannsóknir á hvólum og öðru lífríki Skjálfaflóa.

Hvalaskólinn

Þá hefur Hvalaskólinn verið starfræktur sem samstarfsverkefni Hvalasafnsins á Húsavík, Norðursiglingar, Borgarhólsskóla og



Hápunktur hvalaskólans er fyrir mörgum, hvalaskoðun um Skjálfaflóa. Mynd/Borgarhólsskóli.

Grænuvalla í mörg undanfarin ár. Á dögnum luku nemendur 5. bekkjar fræðslu sinni um hvali en sagt er frá því á heimsíðu skólans.

Nemendurnir hafa undanfarið lært um hvali og lífríki sjávar og tekið þátt í verkefnum Hvala-

skólans á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt. Nemendur þekktu ýmislegt um hvali fyrir og lærðu að tegundir skiptast í tvo undirflokkar og hvað einkennir hvorn hóp. Þá fengu börnin fræðslu um tegundir í kringum Ísland eins og hnúfubak, steypireið, höfrunga, hnísur og háhyrninga.

Gerðust sérfræðingar

Upplaggið var að nemendur gerðust sérfræðingar í einni hvalategund og útbjuggu hugtakakort með upplýsingum um sína tegund. Horft var á heimildarþætti um bæði háhyrninga og hnúfubaka sem vakti athygli og áhuga nemenda. Farið var í heimsókn á

Hvalasafnið þar sem Garðar Þröstur leiddi nemendur í allan sannleik um safnið á lifandi og fræðandi hátt.

Hápunktur hvalaskólans

Lokahnykkur verkefnisins var hvalaskoðunarferð sem Norðursigling býður nemendum í. Þann dag var gott í sjóinn og fyrsti hvalurinn rétt fyrir utan Húsavíkurhöfn. Fylgst var með þremur hnúfubökum sem var bæði spennandi og eftirminnilegt. Verkefnið var lærdómsríkt og voru nemendur mjög áhugasamir og sýndu dugnað í vinnu sinni.

Blöndulína 3 fer í jörðu eins fljótt og auðið er

mth@vikubladid.is

Samkomulag á milli Akureyrarbæjar og Landsnets um lagningu Blöndulínu 3 og legu hennar innan bæjarmarka sveitarfélagsins hefur verið undirritað. Þar er staðfest að línan verði ofanjarðar til bráðabirgða en að henni verði komið í jörðu eins fljótt og auðið er þegar tæknilegar forsendur eru uppfylltar án kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins.

Blöndulína 3 verður byggð upp með trémöstrum frá Rangárvöllum að gili við Hrappsstaða í landi Kífsár en stálmöstur taka þar við að sveitarfélagamörkum. Um er að ræða tímabundna lausn til þess að tryggja raforkuöryggi á svæðinu. Framtíðarlausn flutning-

skerfis raforku verður eftir sem áður að hafa háspennulínur í jörðu til samræmis við stefnu stjórnvalda þar um og verður það gert þegar forsendur hafa skapast til þess.

Ánægjulegur áfangi

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, fagnar því að málið sé loksins í höfn. „Þetta hefur tekið sinn tíma, enda um flókið verkefni að ræða sem snertir grunnstoðir sveitarfélagsins og verður til þess að tryggja raforkuöryggi til framtíðar. Niðurstaðan er að okkar mati mjög ásættanleg fyrir Akureyrarbæ,“ er haft eftir henni á vef bæjarins.

„Þetta er mjög ánægjulegur áfangi í þessu mikilvæga innviðaverkefni,“ segir Ragna Árnadóttir, forstjóri Landsnets. „Blöndulína 3 mun gegna lykilhlutverki við áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífs og samfélags á Norðurlandi. Við þökkum fulltrúum Akureyrarbæjar og ekki síst Ásthildi Sturludóttur bæjarstjóra fyrir gott samstarf.“

Mynd á vef Akureyrarbæjar
Ragna Árnadóttir, forstjóri Landsnets, og Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri við undirritun samkomulagsins. Blöndulína 3 verður ofan jarðar fyrstu en sinn en komið í jörðu eins fljótt og auðið er.



Vilja viðræður um sameiningu

mth@vikubladid.is



Á aðalfundi Þingiðnar nýverið urðu umræður um sameiningu stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Áður hafði Fulltrúaráð stéttarfélaganna, sem skipað er fulltrúum frá Þingiðni, Framsýn og Starfsmannafélagi Húsavíkur samþykkt að skora á félögin að taka málið upp og yfirlýsing þess efnis samþykkt.

Í þeirri yfirlýsingu segir að viðræðum um að stéttarfélögin Framsýn, Þingiðn og Starfsmannafélag Húsavíkur hefji viðræður um sameiningu og að þeim verði lokið 31. desember 2026. Ef vilji reynist til sameiningar er markmiðið að leggja tillögu þess efnis fyrir aðalfundi félaganna næsta vor.

Eftir góðar umræður var samþykkt að taka vel í hugmyndina um að hefja viðræður við Framsýn og STH um að sameina félögin í eitt öflugt stéttarfélag, það er að skoða kosti þess og galla.

Viltu starfa í fallegu og rólegu umhverfi þar sem hver einstaklingur skiptir máli?



Grenilundur dvalar- og hjúkrunarheimili á Grenivík óskar eftir að ráða sjúkraliða í vaktavinnu. Um er að ræða allt að 100% stöðu.

Á Grenilundi starfar samheldinn og metnaðarfullur hópur þar sem lögð er áhersla á hlýlegt andrúmsloft, gagnkvæma virðingu og góða samvinnu. Hér gefst tækifæri til að vinna náið með íbúum og hafa raunveruleg áhrif á líðan þeirra og daglegt líf.

Við leggjum okkur fram um að skapa gott starfsumhverfi þar sem starfsfólk fær stuðning, traust og tækifæri til að vaxa í starfi.

Að starfa og búa á Grenivík

Grenivík er lítið og fallett samfélag við Eyjafjörð þar sem stutt er í stórbrotna náttúru og útivist af ýmsu tagi, bæði sumar og vetur. Samfélagið einkennist af rósemi, öryggi og góðum anda, þar sem auðvelt er að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Möguleiki er á aðstoð við að finna húsnæði á staðnum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Íslenskt sjúkraliðaleyfi
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki, áreiðanleiki og stundvísi
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veitir Fjóla V. Stefánsdóttir í síma 863-8414 eða netfanginu fjola@grenivik.is.



Klassísk krufning Edelsteins og Vogler

-Síðustu tónleikarnir í röðinni í Bergi í kvöld

mth@vikubladid.is

Nú í maí hafa Alexander Smári Kristjánsson Edelstein píanóleikari og Erla Dóra Vogler mezzosópran haldið saman þrenna aðeins öðruvísi ljóðatónleika. Tónleikarnir voru haldnir í Ljósa-vatnaskirkju, skólahúsinu á Kópaskeri í samstarfi við Flygilvini og í gamla skólanum á Bakkafirði í samstarfi við FarNorth Iceland. Síðustu tónleikarnir verða í kvöld, 28. maí kl. 20 í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík

Alexander og Erla Dóra eru bæði af þýsk-íslenskum ættum og á tónleikunum flytja þau blöndu þýskra og íslenskra söngljóða. Tónleikarnir eru klassískir, en einnig óklassískir að því leiti að talað mál skipar óvenju veigamikinn sess á tónleikunum, þar sem tónlistarmennirnir kryfja hvað það er við lögin sem heillar þau persónulega og deila því með



Tónleikarnir hafa gengið vel og tónleikagestir hingað til látið mjög vel að þessu óhefðbundna tónleikaformi.

áheyrendum - auk þess að flytja þau.

Yndislegar móttökur

„Tónleikarnir hafa gengið vel og

tónleikagestir hingað til látið mjög vel að þessu óhefðbundna tónleikaformi. Margir hafa sagst njóta flutningsins betur eftir að hafa fengið smá innsýn í hvert verk og þær tilfinningar sem flytjendur

bera til þess“, segir Erla Dóra. „Móttökurnar á öllum stöðunum hafa líka verið alveg yndislegar, með nýstilltum flyglum og svo mikilli jákvæðni og þakklæti. Það er alveg frábært að hafa fengið styrki, bæði frá Uppbyggingarsjóði SSNE og menningar- og viðurkenningarsjóði KEA, til að geta farið með tónleikana á fámennari staði, þar sem innkoma ein og sér myndi aldrei bera svoleiðis verkefni.“

Erla og Alexander hlakka til að flytja dagskránnu einu sitt í enn. Veitingahúsið Hólinn býður upp á kaffi og með því þannig að getir geta notið veitinga meðan á tónleikum stendur. „Það er einmitt afslappað andrúmsloft sem við viljum ná fram,“ segir hún.

Menningarhúsið Flóra í Sigurhæðum

Brák með sýningu ársins

mth@vikubladid.is

Sýning ársins 2026 í Flóru Menningarhúsi í Sigurhæðum verður opnuð á laugardag, 30. maí kl. 13 og verður opið til kl. 17 þann dag. Einnig er opið á sunnudag frá 10 til 17.

Brák Jónsdóttir myndlistarmaður hefur unnið ný og fersk verk sérstaklega fyrir Sigurhæðir og eru verk hennar innan um menningararf staðarins sem og verk og vörur annarra listamanna.

Boðið er upp á nýjar og forvitnileg innsetningar þar á meðal um skáldkonuna Kristínu Sigfúsdóttur úr Eyjafjarðarsveit, áhugaleikhús og sjálfsprottna skemmtun, ferðamennsku og ferðamáta, vatnahesta og Ólaf Davíðsson.

Rétt eins og andinn yfir Sigurhæðum

Verk Brákar eru lágmyndir úr víði og keramik og bera öll 10



Brák Jónsdóttur myndlistarmaður hefur unnið ný og fersk verk sérstaklega fyrir Sigurhæðir. Myndina tók Kristín Þóra Kjartansdóttir í Sigurhæðum.

verkin titilinn Sýni. Á sýningunni birtast einföld form rétt eins og sýni úr viðameiri myndheimi Brákar. Í því samhengi endurspeglar verkin rannsóknargripir sem festir eru á yfirborð líkt og skordýrasýni til rannsóknar og varðveislu. Mörkin milli arkífs,

forngripa og uppspunninnar líf-fræði eru máð, en andi vísindalegrar forvitni er auðsær, rétt eins og andinn yfir Sigurhæðum.

Hvatningarverðlaun

Þess ber að geta að Brák hlaut árið 2024 Hvatningarverðlaun



Sigurhæðir.

íslensku myndlistarverðlaunanna. Hún er fædd á Akureyri árið 1996, lauk B.A. námi í myndlist við Listaháskóla Íslands árið 2021 og nú í vor meistaranámi við Listaakademíuna í Bergen, Noregi.

Listamannsspjall verður með Brák kl. 14 á laugardegnum.

Sýning ársins stendur til og með 10. október og er opið í Sigurhæðir fimmtudaga til laugardaga kl 10-17 á tímabilinu. Einnig er hægt að hafa samband fyrir hópa utan þess tíma. Enginn aðgangseyrir,

Sönghópurinn Rok heldur tónleika í Hömrum

Nú hvessir í Hofi

egillpall@vikubladid.is

Sönghópurinn Rok heldur tónleika í Hömrum í kvöld, fimmtudag klukkan 20. Lagavalið er fjölbreytt og skemmtilegt, allt frá íslenskum lögum, nýjum og gömlum, til erlendra rokkslagara.

Sönghópurinn Rok var stofnaður sumarið 2020 eftir að Jónína Björt Gunnarsdóttir hafði samband við hóp af fólki sem hafði áður sungið reglulega saman, og óskaði eftir röddum í uppsetningu á Hárinu sem hún stefndi á að setja upp í janúar 2021. Fór það þó svo að fyrsta verkefni hópsins voru Norðurljósatónleikar í Hofi í desember 2021. Síðan þá hefur hópurinn reglulega komið fram bæði í eigin verkefnum sem og með öðrum.

„Saman hafa þeir myndað skemmtilega heild og hafa það eina markmið að skemmta sér og öðrum. Stjórnandi er eins og áður Jónína Björt Gunnarsdóttir, leik- og söngkona, sem hefur sett svip sinn á menningarlíf Norðlendinga undanfarin ár og sett upp sína eigin viðburði stóra sem smáa auk þess að leika og syngja í uppsetningum MAK í Samkomuhúsinu ásamt ýmsu fleiru,“ segir Jón Ágúst.

Á tónleikunum verður fjögurra manna hljómsveit skipuð þeim Stefáni Gunnarssyni, bassa, Valgarði Óla Ómarssyni, trommur, Hallgrími Jónasi Ómarssyni, gítar og Eyþóri Alexander Hallssyni, píanó.



Fjölbreytt verkefni

Jón Ágúst Eyjólfsson er meðlimur sönghópsins en hann segir að verkefni sönghópsins hafi verið mörg og fjölbreytt og það sé alltaf jafn gefandi.

„Í apríl 2022 var Hárið loks sett upp og sá hópurinn um raddir auk þess að taka að sér smávægileg leik- og dans hlutverk. Í desember sama ár tók hópurinn þátt í Jólaljósnum og Lopasokkum, en stjórnandi kórsins, Jónína Björt, stóð fyrir þeim tónleikum og hafa þeir verið árviss viðburður í Hofi allar götur síðan,“ segir Jón Ágúst en Sönghópurinn Rok hefur verið með á þeim öllum.

Hópurinn hlaut styrk frá Verðandi til að halda eigin tónleika í Hamraborgarsalnum í Hofi sem og hann gerði í maí 2023. „Þar fluttu meðlimir þekktu rokk slagara við góðar undirtektir. Ári síðar hélt hópurinn tónleika í Glerárkirkju þar sem ákveðið var að hafa stemninguna ögn lágstemmdari en í Hofi. Síðastliðið vor tók hópurinn þátt í „Teiknimyndalögin okkar“, tónleikasýningu sem Jónína Björt setti upp og flutt voru mörg af vinsælustu lögum teiknimynda-sögunnar. Í nóvember 2025 tók hópurinn svo þátt í sínu stærsta verkefni þegar hann sá um raddir í 30 ára afmælisveislu Rokklands, Rokkland 30 ára, í Hofi ásamt Todmobile og Sinfóníu Norðurlands auk fjölda listamanna,“ segir Jón Ágúst enn fremur og bætir við að nú sé kominn tími á að endurtaka leikinn og halda eigin tónleika. Sumarkvöld með sönghópnum Rok, í Hömrum (litla salnum) í Hofi í kvöld.

Skemmta sér og öðrum

Þá segir Jón Ágúst að meðlimir sönghópsins séu á öllum aldri, með mismunandi bakgrunn og á ýmsa vegu ólíkir einstaklingar.

FYRSTI VIÐBURÐUR Á AFMÆLISÁRI 1996-2026

AFMÆLI 30 ÁR

LÍFIÐ ER DÁSAMLEGT ♥♥

OKKAR GARÐUR

ER YKKAR GARÐUR

AKUREYRINGAR OG EYFIRÐINGAR ALLIR

BÆJARGESTIR ♥ FERÐALANGAR ♥ FARFUGLAR

VELKOMIN Í GARÐVEISLUNA

SUNNUDAGINN 31. MAÍ KL. 14 – 18

SUMARDRYKKIR OG SÆTIR BITAR Á VEISLUBORÐI



♥ Hjartanlega velkomin !!



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Skagfirski stjórnarskrár- sérfræðingurinn sem spilar á fiðlu

Vísindafólkið okkar – Ragnheiður E. Þorsteinsdóttir

Vísindafólkið okkar er mánaðarleg kynning á rannsakendum Háskólans á Akureyri. Ragnheiður E. Þorsteinsdóttir, lektor við laga-deild, er vísindamanneskja máí-mánaðar.

Frá tónstigum yfir í lagagreinar

„Ég er úr Kópavogi og ólst þar upp, í vesturbænum,“ segir Ragnheiður. Hún lauk prófi frá lagadeild Háskóla Íslands og eftir það lá leiðin til Edinborgar þar sem hún tók LL.M. meistaragráðu árið 1995.

Áður en lagabálkar, stjórnarskrár-ákvæði og Evrópuréttur tóku mikið pláss í lífinu var það tónlistin sem átti hug Ragnheiðar. „Ég lauk prófi í fiðluleik á mínum yngri árum við Tónlistarskólann í Reykjavík,“ segir hún. „Fiðlan hefur meira að segja fengið smá endurkomu síðustu ár og hef ég dustað rykið af fiðlunni og meðal annars spilað með Hljómsveit Akureyrar sem hefur verið frábærlega gaman.“

Það má því segja að Ragnheiður hafi farið úr tónstigum yfir í lagagreinar þó að fiðlan sé greinilega aldrei langt undan.

Ákvæðin um auðlindir eiga huginn allan

Í dag á doktorsritgerðin hug hennar allan. „Sem stendur er ég að vinna að doktorsritgerð um auðlindaákvæði í stjórnarskrá,“ segir hún. „Það er náttúrulega alls óvíst hvenær því lýkur en umræðan um auðlindir og auðlindaákvæði kemur og fer en ég tel hana vera að sækja í sig veðrið á ný í öllu þessu pólitíska umrótí. Þannig að sú rannsókn á hug minn allan núna.“

„Ég hef einnig unnið að rannsóknum á sviði umhverfis- og auðlindaréttar, réttarfars og stjórn-skipunarréttar. Nú þegar Evrópu-



Ragnheiður með Ástu Óskarsdóttur að spila með Hljómsveit Akureyrar í Glerárkirkju.



Ragnheiður og eiginmaður hennar, Pétur Már Ólafsson á leiðinni í reiðtúr.

umræðan er komin af stað af miklum krafti er ljóst að við lögfræðingar þurfum að vera vel með á nótunum. Það er kannski ekki slæmt fyrir samfélagið heldur því, eins og ég segi, þau mál sem eru áberandi í samfélags-umræðunni hverju sinni hafa oft einhverja lagalega skírskotun og því eru lögfræðingar oft vinsælir álitsgjafar.“

Aðspurð hvað sé brýnast að rannsaka á hennar sviði segir Ragnheiður að verkefnin skorti ekki. „Það er sem betur fer nóg að rannsaka,“ segir hún. „Um leið og byrjað er að kafa ofan í hlutina þá er það mín reynsla að það kemur alltaf eitthvað áhugavert upp sem

nýtist vel fyrir viðkomandi fræðigrein.“

Stúdentar vel með á nótunum

Í kennslu hefur Ragnheiður komið víða við. „Þær greinar sem ég kenni helst núna eru stjórn-skipunarréttur, Evrópuréttur, lögskýringar og réttarfar,“ segir hún.

Það hefur verið sérlega skemmtilegt að kenna Evrópurétt á vor-misserinu, ekki síst vegna þess hve lifandi umræðan er í samfélaginu. „Eins og gefur að skilja eru stúdentar áhugasamir um það sem koma skal þó að námskeiðið fjalli ekki endilega um aðild að ESB,“ segir hún og er þar að vísa í



Ragnheiður flytur fyrirlestur sem hún segir afar mikilvægan hluta af lífi akademíks fólks.

setta þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort Ísland eigi að halda áfram viðræðum varðandi aðild að Evrópusambandinu.

Stúdentar hafa að hennar sögn sett sig vel inn í málin og fylgst með því sem er efst á baugi. „Við vorum til dæmis með mjög skemmtilegt lögfræðitorg í HA um aðildarferlið,“ segir Ragnheiður. „Sem betur fer hafa þau áhuga á þessari umræðu og hafa sett sig inn í þau mál sem verða efst á baugi.“

Á hestbaki með harmonikku í bakpokanum

Utan háskólans hefur Ragnheiður nóg að gera. „Ég er í hestamennsku, hef haft hest á húsi síðan ég man eftir mér,“ segir hún. Þar telur hún skagfirsku genin ábyggilega koma við sögu. „Ég var mikið í sveit hjá afa og ömmu í Skagafirði frá barnsaldri fram á unglingsár.“

Við kveðjum Ragnheiði þar sem hún er líklega á leið í skemmtilegasta saumaklúbbinn að eigin sögn. Hvort hún spilar á fiðlu eða harmonikku þar verður ósagt látið en í nikkuna segist hún taka í þegar mikið liggur við.



Ný bæjarstjórn á Akureyri tekur við á þriðjudag

Hagsmunagæsla fyrir Akureyri verður stórefld

mth@vikubladid.is

Ný bæjarstjórn á Akureyrar kemur saman á sínum fyrsta fundi næstkomandi þriðjudag, 2 júní. Nýr meirihluti Sjálfstæðisflokks, L-lista og Framsóknar kynnti málefнасamning sinn í flugstöðinni á Akureyri í liðinni viku þar sem m.a. kom fram að leggja eigi grunn að ábyrgri og framsækinni uppbyggingu Akureyrarbæjar.

„Við ætlum að styrkja atvinnulíf, bæta þjónustu og einfalda stjórnsýslu, ásamt því að gæta aðhalds í fjármálum,“ segir í málefнасamningi. Einnig að sérstök áhersla verið lögð á húsnæðismál, skipulag, samgöngur og umhverfi, auk þess sem efla á menningarstarf, íþróttir og tómstundir.

„Við viljum bæta lífsgæði eldri borgara, styrkja velferð barna og byggja upp hindrunarlaust samfélag. Þá verður hagsmunagæsla Akureyrarbæjar stórefld, með áherslu á heilbrigðisþjónustu, menntun, samgöngur og öryggi,“ segir enn fremur.

76 atriði

Alls eru í málefнасamningnum talin upp 76 atriði sem meirihlutinn ætlar sér að vinna að og er

þeim skipt í nýu kafla. Þeir eru Þjónusta, atvinna og fjármál, Skipulag fyrir samfélag í vexti, Umhverfi og samgöngur, Skemmtilegur og fallegur bær, Íþróttir og tómstundir, Lífsgæði á efri árum, Velferð barna, Hindrunarlaust samfélag, Stóreflum hagsmunagæslu.

Berglind Ósk Guðmundsdóttir oddviti D-lista, verður bæjarstjóri, Óðinn Svan Óðinsson, oddviti L-lista formaður bæjarráðs og Gunnar Már Gunnarsson, sem var í 2. sæti B-lista verður forseti bæjarstjórnar.

Formenn helstu ráða

Sunna Hlín Jóhannesdóttir oddviti B-lista verður formaður skipulagsráðs, Brynja Hlíf Þorsteinsdóttir, sem var í 2. sæti L-lista verður formaður fræðslu- og lýðheilsuráðs, Heimir Örn Árnason 2. Sæti D-lista verður formaður umhverfis- og mannvirkjaráðs, formaður velferðarráðs verður Guðbjörg Anna Björnsdóttir, sem var í 4. sæti B-lista. Preben Jón Pétursson, 3. Sæti á Lista verður formaður stjórnar Norðurorku og Sverre Andreas Jakobsson sem var í 3. Sæti á B-lista verður formaður stjórnar Hafnasamlags Norðurlands.



Skrifað undir nýjan málefнасamning. Frá vinsti eru Gunnar Már Gunnarsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir frá B-lista, Heimir Örn Árnason og Berglind Ósk Guðmundsdóttir, D-lista



Fulltrúar L-listans, Óðinn Svan og Brynja Hlíf taka í hönd Gunnars Márs B-lista eftir undirritun.

Hörgársveit

G og H listar í meirihluta

-Snorri áfram sveitarstjóri

mth@vikubladid.is

G listi Grósku og H listi Hörgársveitar hafa myndað meirihluta í sveitarstjórn Hörgársveitar fyrir kjörtímabilið 2026-2030. Þessi listar fengu samtals 65,5% atkvæða í nýliðnum kosningum.

Samstarfið byggir á gagnkvæmu trausti og sameiginlegri ábyrgð á framtíð sveitarfélagsins. Markmið samstarfsins er að tryggja ábyrgð í rekstri, góða þjónustu við íbúa og skynsamlega uppbyggingu samfélagsins.

Listarnir leggja áherslu á að vinna saman af heilindum og

virðingu og stuðla að góðu samstarfi innan sveitarstjórnar og við íbúa sveitarfélagsins.

Oddviti sveitarstjórnar verður Sunna María Jónasdóttir frá G lista, varaoddviti verður Bjarki Brynjólfsson frá H lista og Róbert Fanndal Jósavinson frá G lista verður formaður framkvæmda- og rekstrarnefndar.

Snorri Finnlaugsson verður ráðinn áfram sem sveitarstjóri Hörgársveitar á komandi kjörtímabili 2026-2030.



Lífið er lærdómur

Lokaorðið

Þegar maður heldur að nú kunni maður allt sem vert er að kunna kippir lífið í mann og minnir á að svo sé nú hreint ekki. Fljótfærni er mér í blóð borin og fljótfærnin varð mér að falli síðasta Uppstigningardag. Þegar ég ætlaði að stíga upp eins og Jesú forðum, þá endaði það með hrapum enda ég bæði mannleg og óguðleg.

Fyrir vikið sit ég uppi með brotinn hægri handlegg.

Ný vinnubrögð

Og þá er það lærdómurinn! Það er margt sem ég er að læra þessa dagana. Að beyta vinstri hendinni við allt sem sú hægri hefur séð um í rúm 60 ár er snúið svo ekki sé meira sagt. Smáverk eins og að tannbursta sig, skeina, klæða, smyrja brauð og skrifa krefst umhugsunar og nýrra vinnubrögða. Þessi pistill er t.d. pikkaður með vísifingri vinstri handar og drjúgur tími fer í leiðréttingar. Að leysa krossgátur rekur nokkuð lengri tíma en venjulega vegna skriftarinnar. En skítt með það af tíma hef ég nóg enda óhæf til vinnu. Það er kannski það versta, tilfinningin að vera bregðast

vinnustöðunum mínum og samstarfsfólki og að fjarvera mín auki álag á þau.

Ekki ómissandi

En hei! Ég dó ekki og ég er ekki ómissandi, frekar en aðrir og þar liggur kannski mesti lærdómurinn.

Með hækkanði aldri er kominn tími til að minna sig á að kirkjugarðar heimsins geyma fullt af ómissandi fólki eins og mér;))

Dilla



Krossgáta vikunnar

	Nr. 617	Býli	Snjó-koma Hraða	Andrá	Græn-meti	Trylli Samtök	Gára Gera Þéttara	Veifar-færi Ræni	Reglu-semi	
	Ból-sótast				Fokreið Minnka Titill			2		
				Fyrr fött Hrinu			Kaðall Stein-tegund			
	Blundur	Í kirkju					Hraðslu Beittan Bregðast			
	Brór	Götulýsing							Son Skalla-Gríms	
			Íðulega Ölmt			Sperrill Frásögn				
	Sam-sinna			4	Ásaka Gagnast			Drykk Kyrrt		
	Óþekkt					3	Algerlega Efra Þvengur			
				Tröll-skessa Hæppni				Gubbi Grama Ásamt		
	BB ↓	Ung-viði	Urða Hafi	Skák	Fiskur Orka	Kork-lokur Flein			Hópar	
Milt Verður Pirrad				Gorta Fer-skeytla		Hluta Hneigja sig		5	1	
									2	
				Tangi Hrógu				Sogudu	3	
				Hvíst Lút Sunna					4	
Nr. 11 Mjög lausan						Al-heimur utan			5	
									6	
Gufu ↘				Frum-efni	6	Að sofa í tjaldi				

Höfundur: Bragi V. Bergmann / bragji@fremri.is

Lausnarorð gátunnar er nafnorð og fæst með því að raða saman stöfunum úr tölusettu reitunum. Rétt lausnarorð birtist í næsta Vikublaði. Lausnarorð síðustu gátu var: **RÖSKUN**